

STAÐA MÁLS

Málnr.:	20-014F001
Dags:	7. febrúar 2020
Staður:	Í landingu á flugbraut 10 á Keflavíkflugvelli
Lýsing:	Lendingabúnaður hægra aðalhjóls gaf sig í landingu
Staða máls:	Febrúar 2021: Í bið

Þann 7. febrúar 2020 var flugvél TF-FIA (Boeing 757-200) í landingu á flugbraut 10 á Keflavíkflugvelli (BIKF), þegar landingabúnaður hægra aðalhjóls gaf sig.

Í ljós kom að landingabúnaðurinn hafði farið í grannskoðun í nóvember 2019 þar sem að þvermál skrúfgangs tengistykkis (SWIVEL) í hjólabúnaði var minnkaður til þess að fjarlægja skemmdir.



Rannsóknin bendir til þess að sú ró (NUT) sem notuð var á tengistykkið hafi ekki verið af réttri stærð.

RNSA gaf út bráðabirgðaskýrslu um málið þann 2. apríl 2020, sem má finna á vef RNSA (<http://www.rnsa.is/media/4633/interim-report-tf-fia-right-main-landing-gear-collapse-during-landing-on-rwy-10-at-bikf-r1.pdf>).

Ekki hefur verið hægt að halda áfram með rannsókn málsins vegna ferðatakmarkanna út af COVID-19.